

Orkufjarskipti hf.
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík

Hornafirði, 21. apríl 2021
nr. erindis 202102070 BB

Málefni: Framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara frá Setbergi til Rauðabergs

Nafn framkvæmdaraðila: Orkufjarskipti hf

Staðsetning framkvæmdar: Frá Setbergi í Nesjum til Rauðabergs á Mýrum

Umfang framkvæmdar: Ljósleiðarinn mun liggja frá tengistað ljósleiðara Rarik í landi Setbergs yfir Hoffellsá þar sem strengurinn verður grafinn í árbotninn og síðan áfram með vegi í veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar að norðanverðu með vegi nr.1. Strengurinn verður dreginn í röralögn sem sett verður utan á brúnna yfir Hornafjarðarfljót. Frá brú yfir Hornafjarðarfljót liggur lögnin áfram með vegi næstu 2,5 km í landi Viðborðs. Farið verður með lögnina frá veginum og upp fyrir klappirnar og klettana sem liggja þar niður undir þjóðveginn. Þaðan mun lögnin liggja síðan áfram um móa og mýrarsund. Lögnin liggur síðan ofan við Viðborðsel þar sem settur verður tengiskápur fyrir heimtaug að bænum Viðborðseli. Lögnin liggur síðan næstu 750 metra milli klapparholta þangað til að komið er í móana sunnan við bæinn. Þaðan liggur strengurinn síðan að tengistað Orkufjarskipta við veginn að Rauðabergi.

Samantekt yfir lýsingu og frágangi framkvæmdar:

Ljósleiðarastrengurinn sem er 16mm að þvermáli verður plægður beint í jörðu, en settur í 32mm hlífðarröri þar sem það á við. Tengibrunnar verða 4 talsins á lögninni. Gengið verður þannig frá brunnunum að þeir falli sem best inn í það umhverfi sem þeir eru í. Búið er að mæla og merkja ætlaða lagnaleið. Við leiðarvalið var tekið mið af landslagi og forðast var eftir megni að fara um viðkvæm svæði. Fyrir liggur samþykki landeigenda, Vegagerðarinnar, Fiskistofu, Umhverfisstofnunar og umsögn Minjastofnunar. Plægingin verður framkvæmd með jarðýtu á flotbeltum og eins verður beltagrafa sem fer á eftir og lokar plógfarinu. Öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði verða lagfærð. Sáð verður í þau jarðvegssár sem verða í grónu landi og einnig verður lögð rik áhersla á vandaðan frágang þar sem strenglögnin þverar ár og læki. Ummerki munu hverfa að mestu á einu sumri.

Dagsetning samþykktar leyfisveitenda á framkvæmdaleyfi var 15. apríl september 2021 og rennur framkvæmdaleyfið út þann 15. apríl 2022 sé framkvæmd ekki hafin.

Eftirlitsaðili framkvæmdar: Umhverfis- og skipulagsstjóri Hornafjarðar fer með eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins Hornafjarðar en er heimilt að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila.

Skilyrði framkvæmdar:



- Að framkvæmd sé í samráði við landeigendur og viðhöfð sé góð umgengni um framkvæmdasvæðið.
- Leitast verði við að takmarka framkvæmdasvæði, umferð véla og rask eins og kostur er.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði upplýstur þegar framkvæmdir hefjast.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda.
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verði á framkvæmdinni.
- Við sáningu í sár við frágang verði notuð fræ í samræmi við staðargróður.
- Verktökum verði gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa skv. umsögn Minjastofnunar 9:1 (gata) 9:1 (rúst) 13:1 (gata) 8:1(rúst) 5:1 (niðurgroftur) og 6:1 (garður).
- Farið verði að skilmálum Vegagerðarinnar um merkingar og tilnefna ábyrgðarmann sem hefur sótt viðurkennd námskeið.
- Farið verði að skilmálum Umhverfisstofnunar um plægingu í votlendi og vandað verði til verksins og notuð tæki á breiðum beltum til að rask á yfirborði votlendis verði sem minnst.
- Farið verði að skilmálum Fiskistofu þar sem sérstaklega þarf að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki við ár:
 1. Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu
 2. Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll
 3. Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er
 4. Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.

Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:

- Framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðara frá Setbergi til Rauðabergs
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
 1. Ósk um framkvæmdaleyfi, dags. 17.02.2021.
 2. Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi, loftmynd dags. 18.02.2021.

Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem sem tilgreindir eru hér að ofan.


Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn þann 15. apríl 2021. Framkvæmdin hefur fengið málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem hún var kynnt fyrir Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarði og Minjastofnun sem gera ekki athugasemdir við hana.

Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 20. maí nk. Ef framkvæmd hefst áður en frestur er útrunninn gerir framkvæmdaaðili það á eigin ábyrgð.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 90.000 kr.

Virðingarfyllst


Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

